



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 48. fundar skólanefndar

Dagsetning: mánudagurinn 1. febrúar 2010.

Viðstaddir: Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, Kjartan Páll Einarsson (formaður), Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Una Ýr Jörundsdóttir, Fanney Sumarliðadóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðfinna Hrefna Arnórsdóttir áheyrnarfulltrúi foreldrafélags, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður skólanefndar, Kjartan Páll setti fund og bauð Guðfinnu velkomna á sinn fyrsta fund. Skólameistara var gefið orðið til kynningar á efni fundarins.

Dagskrá fundarins er skólastarf á vorönn 2010, ráðning kennara, fjármál skólans-rekstraráætlun 2010 og önnur mál.

1. Skólastarf á vorönn

Farið yfir tölfræðilega staðreyndir vorannar 2010. Nemendur eru 244 (gert var ráð fyrir 248). 15 nemendur eru nýir, 179 dagskólanemendur, 33 dreifnámsnemendur, 32 í framahaldsdeild á Vestfjörðum. Alls stefna 15 nemendur á að útskrifast vor 2010.

2. Ráðning kennara

Þrír nýir kennarar kynntir: Benedikt Bogason í stærðfræði, Marvin Dupree í ensku og Valdimar Harðarson í jarðfræði.

Námsframboð á vorönn 2010 er rífllegt og fáir áfangar voru slegnir af. Þetta námsframboð mun reynast skólann þungt í skauti fjárhagslega, og auka á hallarekstur hans.

3. Fjármál – rekstraráætlun 2010, kynning, umfjöllun og ábendingar

Uppfærð mynd af rauntölum skólans var dregin upp. Uppbætur vegna viðbótarnemenda eru aðeins 30% af fullum uppbótum. Rekstrarliðir skólans fyrir árið 2009 voru birtir og farið stuttlega yfir þá. Farið var yfir launalíkan sem í gildi er í FSN (aðlögunarsamningur við kjarasamning KÍ frá 2004/2006) og útreikninga á kostnaði þeim sem skólinn verður fyrir, í samanburði við miðlæga kjarasamninga sem eru í gildi í öðrum framhaldsskólum. Forsendur aðlögunarsamningsins frá 2004/2006 eru brostnar, en þær miðuðust við mun lægri nemendatölur en FSN hefur nú. Skólameistari nefndi að forsendur fyrir samningnum hefðu í raun verið orðnar hæpnar þegar á haustönn 2007 þegar nemendafjöldi var kominn hátt á þriðja hundrað. Samningur FSN um kennslulaun og mismunur umfram miðlæga samninga var sýndur. Í stórum hópum (30+) er verið að greiða hátt



Í 60% meira fyrir kennslu hér í FSN. Kjartan spurði út í fund með fulltrúum frá Menntamálaráðuneyti þar sem þessar tölur voru kynntar kennurum. Kennarar eru upplýstir um þennan mun. Samningurinn var undirritaður af fyrrverandi skólameistara og fulltrúa Félags Framhaldsskólakennara, fyrir hönd FSN. Skólanefnd hefur ekki séð þetta líkan áður um þennan mun á samningum í FSN og öðrum skólum. Björg áréttaði að þessi samningur var gerður með stefnu skólans í huga. Kjartan benti á að það þyrfti að fara varlega í upptekt á þessum samningi því taka verður tillit til þess að ástandið í skólanum er ekki gott. Þetta er mjög viðkvæmt mál og það þarf að passa að gera þetta í samkomulagi við alla aðila. Magnús nefndi að KÍ þyrfti að semja um þetta mál með skólanum og Menntamálaráðuneyti.

Rekstrarafkoma ársins 2009 er neikvæð um -11.228.070,-. Með fyrri halla eru þetta -29.558.725,-

Skólameistari kynnti ýmis úrræði og sparnaðarpætti.

- Breyting á aðlögunarsamningi kjarasamnings sem líklega myndi skila töluverðum sparnaði á launum.
- Betri afmörkun launabátta stofnanasamnings.
- Yfirvinnupak og stundakennsla til að taka af kúfa í kennslu.
- Launaskerðing (yfirvinna) einstakra starfsmanna – og jafnvel fækkun stöðugilda.
- Lækkun kostnaðar við starfsbraut með fækkun stöðugilda.
- Lækkun yfirdráttar á árinu og kostnaður við heimild hefur lækkað um milljón frá árinu 2008.
- Samráð við starfsnefnd framhaldsdeildar og MRN.

Staða bankareikninga um áramót 2009 var birt og áramótastaða 2008 dregin upp til samanburðar. Staða á bankareikningum áramóta 2009-2010 er töluvert betri en áramótastaða 2008-2009.

Tillögur að rekstraráætlun voru birtar skólanefnd. Væru laun í FSN greidd miðað við hefðbundin laun í framhaldsskólum landsins, myndi það ekki duga til þess að halda skólanum innan fjárheimilda. Skólanefnd veltir því fyrir sér hvort sá niðurskurður sem þarf að eiga sér stað til að halda skólanum innan fjárheimilda sé yfirhöfuð gerlegur. Áhrif þessa mikla niðurskurðar á kennslumagn var kynntur: Til að FSN haldi sig innan fjárheimilda þá þarf launaliður-kennsla að rýrna u.þ.b. 38% á haustönn 2010. Kennslumagn fer þá niður úr 456 í 285 tíma pr. Viku. Til viðmiðunar er það hæfilegt nám fyrir um 150 nemendur eða um það bil 41 áfanga, en nemendur í skólanum nú eru 244. Hugsanleg viðbrögð við niðurskurði gætu verið að ekki væri hægt að taka inn nýja nemendur í dreifnám, skera þyrfti niður allflesta valáfanga og bjóða nemendum fjarnám á kjörsviði þar sem fámennir áfangar eru staðreynd. Að draga úr yfirvinnu mun hjálpa til við að auka námsframboðið, einnig betri nýting kennslumagns/námseininga.



Kjartan spyr út í hvernig aðrir skólameistarar eru að bregðast við þessum niðurskurði. Skúlína segir að það sé mjög misjafnt, sumir hafa þurft að fara í uppsagnir meðan aðrir skólar standi betur og þurfi frekar að hagræða í rekstri. Magnús telur að það verði ekki auðvelt að ná einhliða samningum við KÍ. Þessi mikla skerðing mun hafa mjög mikil áhrif á starfsemi skólans. Skólanefnd vill standa vörð um stefnu skólans og það starf sem hefur verið unnið hér. Það sé ekki hægt að bera saman kennslu í FSN og kennslu í MR. Það er ástæða fyrir því að kennarar fengu „betri“ samninga en kennarar í öðrum skólum. Vinna kennara í FSN er ekki eins og í öðrum skólum. Skólameistari talaði um að samningur við KÍ væri ekki nógu skýr. Fljótt á litið virðist eina leiðin vera að skera niður kennslumagn en getum við farið einhverjar aðrar leiðir? Er samkennta lausnin? Skólameistari telur að samstarf við aðra landsbyggðaskóla, suma Reykjavíkurskóla og símenntunarstofnanir gæti verið hagstæður kostur fyrir FSN, í því skyni að viðhalda fjölbreytni í námsframboði. Það þarf góða samvinnu við kennara til að ná árangri í þessum niðurskurði. Skólanefnd vill að Menntamálaráðuneytið hjálpi til við að aðlaga þennan niðurskurð hér. Það eru takmörk fyrir því hversu mikið við getum skorið niður. Skýr vilji kom fram frá skólanefnd um að halda áfram því öfluga starfi sem unnið hefur verið í FSN með stefnu skólans að leiðarljósi. Búið er að binda útgjöldin út júní og það er vitað hvað er eftir. Þessi mikli niðurskurður gengur ekki upp í FSN. Það er skýr vilji meðal skólanefndar að þessi niðurskurður sé unnin með Menntamálaráðuneytinu. Það þarf að nást samvinna um lausn í þessu máli með kennurum, skólanefnd, skólastjórn og ráðuneyti. Skólanefnd áréttar að ekki sé mögulegt að skera kennslu á haustönn það mikið niður. Fara þurfi fram á það við ráðherra að gefa út yfirlýsingu um að nemendur verði ekki teknir inn hér í vor. Þessi niðurskurður er hamfarir og ekki á færi skólanefndar að mæla með honum. Ráðuneytið og ráðherra verða að koma hér til aðstoðar. Það er ekki raunhæft að skera námsframboð niður í 150 nemendur á haustönn. Skólanefnd vill halda áfram að vinna í samstarfi við ráðuneyti. Sigríður Finsen og Magnús Þór Jónsson vilja koma með bókun þar að lútandi að ekki er hægt að skila inn rekstraráætlun fyrir árið 2010 með jákvæða rekstrarafkomu (eða 0,-). Það er ekki hægt að samþykkja það með hagsmuni skólans að leiðarljósi.

Áheyrnarfulltrúi kennara nefndi að kennurum fyndist að rekstur skólans væri ekki áhyggjuefni kennara. Allir kennarar gera sér grein fyrir því að það þarf að spara en það er spurning um aðferðir og leiðir.

Á vorönn er gert ráð fyrir að reyna að ná upp hærri nýtingarprósentu þreyttra námseininga, hafa meira aðhald í starfi nemenda og árangri kennara í starfi.

Á árinu 2010 verður dregið verulega úr ferða- og dvalarkostnaði innanlands. Fundir, námskeið og risna verið lækkuð. Markvisst er unnið að lækkun aksturs starfsmanna á árinu 2010, t.d. með aukinni notkun fjarfundabúnaðar og færri ferðum nemenda, kennara og stjórnenda. Auka þurfti fjármagn í rekstrarvörur en nauðsynleg endurnýjun þurfti að eiga sér stað í tölvubúnaði skólans. Aðkeypt þjónusta hefur verið lækkuð, prentun og póstur einnig.



Ekki reynist unnt að skera niður gjöld af húsnæði, s.s. leigu, fasteignagjöldum eða rekstrarkostnað vegna húsnæðis. Ýmsar sparnaðaraðgerðir vegna reksturs húsnæðis hafa leitt til sparnaðar á árinu 2009, s.s. lækkun á hitastillinga á hlýrri tímabilum ársins og betri nýtingu lýsingar/rafmagns.

5. Önnur mál

- Skólasamningafundur er á dagskrá í byrjun mars og þurfa kennarar og skólanefndarfulltrúar að taka afstöðu til efnisinnihalds í áherslu- og markmiðskafla.
Þar er vettvangur til þess að vekja athygli á því að fjárveitingar til skólans duga ekki til rekstrar.
- Foreldraráð - verkefni vorannar.
Guðfinna fór á fund foreldrafélags framhaldsskólanna. Guðfinna nefndi að almennt ættu foreldrafélögin áfengismæla og tækju að sér gæslu á dansleikjum framhaldsskólanna. Talað var um að foreldrar tækju að sér gæslu á móti kennurum í FSN. MR hefur verið með foreldraráð síðan 2002 sem hefur tekið að sér gæslu á dansleikjum. Í Verslunarskóla Íslands er haldinn fundur fyrir böll með gæslumönnum og fulltrúum nemendafélags. Foreldraráðið er í samstarfi við námsráðgjafa. Lögreglan hefur komið inn á dansleiki. Skúlína hefur bókað fund með Ólafi Guðmundssyni, yfirlögregluþjóni, á fimmtudag og mun fulltrúi frá foreldrafélaginu reyna að koma.
- Skólameistari spurði hvort að skólanefnd hefði eitthvað við það að athuga að starfsmenn, makar og börn starfsmanna mættu nýta sér íþróttaaðstöðuna í FSN. Sigríður rifjaði upp að í byrjun skólastarfs var ræddur sá tekjumöguleiki að nýta líkamsræktina hér sem tekjulind. Það hefði mætt mikilli andstöðu og var mjög viðkvæmt mál. Síðan er komin líkamsrækt í Grundarfirði og fyrir var ein í Ólafsvík og Stykkishólmi. Miðað við forsöguna er svar skólanefndar einróma nei.
- Fanney nefndi að undirbúningur við árshátíð væri í gangi. Undanfari árshátíðar eru þemadagar og er undirbúningur við þá á fullu. Á þemadögum mun verða söfnun fyrir Haití ásamt fleiru.
- FSN keppti í Gettu Betur og tapaði. Liðið var skipað nýnemum og hafa 2 kennarar boðið fram aðstoð sína við að þjálfliðið fyrir næsta ár.
- Söngleikur er í uppsiglingu í FSN- í samvinnu við grunnskólann og tónlistarskólann í Grundarfirði.

Fundi slitið kl. 18:15